

58 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Framfarasjóð Nauteyrar-
24. maí hrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra
24. maí 1921. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

Framfarasjóð Nauteyrarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Framfarasjóður Nauteyrarhrepps«, er hann stofnaður af »Búnaðar-
fjelagi Nauteyrarhrepps«, árið 1920, með kr. 100,00 og skal aukinn með árlegu tillagi frá
sama fjelagi er sje minst kr. 100,00, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 5000,00, þá hættir Búna-
ðarfjelagið að leggja í hann.

2. gr.

Höfaðstólinn má aldrei skerða, en þegar sjóðurinn er orðinn kr. 1000,00 má fara að
verja $\frac{1}{2}$ árlegra vaxta hans til einhvers þess, er lýtur að uppörfun og eflingu á búnaði í
Nauteyrarhreppi og ákveður stjórn sjóðsins það í hvert sinn. Þegar sjóðurinn er orðinn kr.
5000,00 má verja $\frac{2}{3}$ árlegra vaxta hans, og þegar hann er orðinn kr. 10000,00 má verja $\frac{3}{4}$
árlegra vaxta hans í því skyni er að ofan greinir. Sá hluti vaxtanna, sem ekki er notaður
samkvæmt ofangreindu, leggist við sjóðinn.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður með því að lána hann út til jarðabótaframkvæmda innan
Nauteyrarhrepps, hverskonar sem eru. Skal lánað gegn 6% vöxtum p. a. og nægri tryggingu.
Lán sem eru yfir 800,00 kr. skulu lánuð til 15 ára og sjeu afborgunarlaus 5 fyrstu árin.
Smærri upphæðir sjeu lánaðar alt að 8 árum og sjeu afborgunarlausar 3 fyrstu árin.

Minna en kr. 100,00 eru ekki lánaðar.

Það af fje sjóðsins, sem ekki kynnir að standa í útlánum samkvæmt því er að ofan
greinir, skal ávaxta í sparisjóði.

4. gr.

Lánbeiðandi verður skriflega að leggja fram fyrir stjórn sjóðsins, til hvers hann ætli
að verja hinu umbeðna láni og má aldrei lána út meira en sem nemur $\frac{2}{3}$ af áætluðum kostna-
ði við jarðabót þá, er lánið er veitt til. Áður en 3 ár eru liðin frá útborgunardegi lánsins,
verður lánþegi að hafa að fullu og öllu lokið því verki er lánið var veitt til og til var ætlast,
annars sje lánið við lok þessa tímabils fallið í gjalddaga, ásamt með 1% vöxtum p. a., frá
útborgunardegi lánsins, auk 6% vaxta er áður greinir.

5. gr.

Sjóðurinn sje undir stjórn og eftirliti stjórnar Búnaðarfjelags Nauteyrarhrepps og
hafi hún glögt reikningshald yfir hann.

Leysist Búnaðarfjelag Nauteyrarhrepps upp, skal hreppsnefnd Nauteyrarhrepps hafa stjórn og umsjón sjóðsins með höndum. **58**
24. maí

Reikningsár sjóðsins sje almanaksárið. Skal reikningur hans árlega lagður fram endurskoðaður, með reikningi Búnaðarfjlags Nauteyrarhrepps, meðan stjórn þess fjlags hefir stjórn sjóðsins með höndum, en annars fylgi hann með hreppsreikningnum.

6. gr.

Leitað skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Fyrir hönd Búnaðarfjlags Nauteyrarhrepps.

Melgraseyri, 4. apríl 1921.

(sign.) *Jón H. Fjalldal.*

Reglugjörð

um hafnargjöld í Reykjavík.

59

30. maí

1. Lestagjald.

1. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, mótorskip, bátar hverskyns uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

2. gr.

- a. Allar fleytur, sem helma eiga í Reykjavík og minni eru en 30 tons brúttó, skulu greiða lestagjald tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, 1 kr. fyrir hvert nettó tonn, þó aldrei minna en 2 krónur í senn.

Uppskipunarbátar, prammar og önnur uppskipunartæki, svo og geymsluskip, greiða sama gjald, þótt stærri sjeu en 30 tons brúttó.

- b. Öll skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemtiskip, skip sem gjörð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem getur um í staflíð c þessarar greinar, skulu greiða 20 auru lestagjald fyrir hvert nettó tonn.

Innlend fiskiskip og öll skip, sem eru eingöngu í innanlands siglingum, skulu þó eigi greiða lestagjald þetta oftár en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftár til hafnar.

- c. Skip, sem leita hafnar vegna illveðurs, sjóskaða, eða skemda á skipi á einhverjar hátt, greiða ekki lestagjald nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur,